

AUGLÝSING

um skipulagsmál í Rangárþingi ytra.

Landmannalaugar, deiliskipulag.

Sveitarstjórn Rangárþings ytra samþykkti þann 5. apríl 2017, tillögu að deiliskipulagi fyrir Landmannalaugar. Deiliskipulagið nær yfir Landmannalaugasvæðið sem er um 182 ha og er í um 500 m hæð yfir sjávarmáli. Það nær yfir núverandi þjónustusvæði í Landmannalaugum og næsta nágrenni á um 500-800 m breiðu svæði frá mynni Grænagils í suðri og norður fyrir vegamót Fjallabaksleiðar nyrðri og Landmannalaugavegar.

Fyrirvari er gerður við deiliskipulagið að uppbyggingaráform geta breyst vegna upplýsinga sem fram koma í umhverfismati framkvæmdanna og framkvæmdir eru að hluta háðar því að undanþága fáiast frá ákvæðum skipulagsreglugerðar um fjarlægðir mannvirkja frá ám og vötnum.

Tillagan hefur hlotið skipulagsmeðferð í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010.

Deiliskipulagið öðlast þegar gildi.

Hellu, 26. febrúar 2018.

F.h. Rangárþings ytra,

Birgir Haraldsson, skipulags- og byggingarfulltrúi.